

Umsögn Háskóla Íslands um frumvörp iðnaðarnefndar Alþingis um Orkustofnun (OS), 545. mál, heildarlög, og Íslenskar orkurannsóknir (ÍO), 545. mál.

Tekið skal fram í upphafi að tíminn sem gafst til umsagnanna var mjög naumur. Því eru hér aðeins teknir fyrir þeir þættir sem snerta uppbyggingu rannsókna hérlendis í víðu samhengi og tengslin við Háskóla Íslands. Lögin sjálf eru ekki mjög ítarleg hvað varðar einstaka starfsþætti Orkustofnunar og því er erfiðara um vik fyrir utanaðkomandi aðila að gera athugasemdir við einstaka liði þeirra. Í athugasemdum með frumvörpunum eru hins vegar raktar ástæður þess að ákveðið hefur verið að skipta lögbundnum verkefnum Orkustofnunar í tvennt. Þessi umfjöllun byggir því frekar á því sem þar kemur fram.

Skipulagðar grunn- og þjónusturannsóknir á Íslandi eiga sér ekki langa sögu. Ekki eru nema rúmlega 50 ár síðan fyrstu íslensku rannsóknastofnanirnar voru settar á laggirnar. Rannsóknastofnanir atvinnuveganna, eins við þekkjum þær í dag, eiga sér fyrirrennara frá þriðja og sjöunda áratugnum. Orkustofnun varð til árið 1967 við sameiningu nokkurra aðskildra eininga. Vatnamælingar voru í umsjón embættis vegamálastjóra til ársins 1947 er embætti raforkumálastjóra tók við þeim. Jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar var síðan komið á fót árið 1956.

Frá því að orkulögin nr. 58/1967 tóku gildi hefur Orkustofnun verið í fararbroddi í grunn- og þjónusturannsóknunum á sínu sviði. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga bar stofnuninni að annast yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar, jafnframt því að stuðla að samvinnu og samræmingu í rannsóknum, framkvæmdum og rekstri á sviði orkumála. Í þessu markmiði hefur og kristallast sú faglega uppbygging og þróun sem aflað hefur stofnuninni viðurkenningar bæði hérlendis og á alþjóðavettvangi.

Sú skipulagsbreyting sem innleidd var með tilkomu nýrrar reglugerðar árið 1996 hefur þrengt töluvert að almennri rannsóknastarfsemi stofnunarinnar sem m.a. hefur haft í för með sér samdrátt í samvinnuverkefnum við Háskóla Íslands á sviði grunnvísinda á sama tíma og framhaldsnám hefur eflst til muna á þeim sviðum sem hér um ræðir. Það er mat Háskóla Íslands að þessi þróun sé ekki heillavænleg. Framhaldsverkefni á sviði orkurannsókna veita nemendum mikilvæga þjálfun um leið og þau efla tengsl við þær rannsóknastofnanir sem að þeim koma. Oftar en ekki er þarna um framtíðarstarfsmenn viðkomandi stofnana að ræða. Háskóli Íslands telur mjög mikilvægt að sú samvinna sem verið hefur á milli einstakra rannsóknæininga innan Háskólans og Orkustofnunar verði ekki slitin frekar í sundur. Þvert á móti væri æskilegt að hún yrði markvisst eflað á komandi árum.

Orkugarður sá sem fjallað er í kafla 4.1.5. í athugasemdum með frumvarpi OS er vettvangur sem víða erlendis hefur byggst upp í tengslum við starfsemi rannsóknastofnana og sprotafyrirtækja af ýmsu tagi. Erlendis hafa slíkar stofnanir víða verið settar á fót með fjárframlögum frá stórfyrirtækjum. Hérlendis er á færri mið að róa með fjárveitingar og því verður ríkisvaldið bæði að standa undir grunnrannsóknum og eftirliti með náttúru landsins. Eðlilegt er að fjárframlög til einstakra málaflokka komi frá tilheyrandi ráðuneytum til þeirra stofnana sem undir þau heyra og stofnanirnar ráðstafi þeim í samvinnu við aðra eftir því sem aðstæður eru fyrir hendi hverju sinni. Slíkt tryggir samfellu rannsókna um leið og það kemur í veg fyrir óþarfa tvítekningar. Sem dæmi má nefna þá er löngu tímabært að þær stofnanir sem stunda kortlagningu á náttúrufari landsins geri sameiginlegar áætlanir þar að lútandi þannig að hægt sé að ljúka því aðkallandi verkefni. Benda má á að slíkt fyrirkomulag hefur gefist sérlega vel þegar um hefur verið að ræða sérverkefni tengd

náttúruvá, s.s. eldgosunum í Vatnajökli 1996 og 1998 sem og yfirstandandi vöktun vegna aukinnar virkni í Mýrdalsjökli.

Samkvæmt framlögðum frumvörpum mun ÍO starfa á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og afla sér tekna án fastra framlaga úr ríkissjóði. Svipað fyrirkomulag hefur verið hjá Vatnamælingum frá árinu 1997. ÍO mun þannig einungis sinna þeim verkefnum sem OS felur henni og hún eða aðrir greiða fyrir. Fimm manna stjórn ÍO er þannig mjög þröngur stakkur skorinn hvað varðar verkefnaval og stefnumótum til framtíðar, líkt og verið hefur hjá Vatnamælingum un danfarin ár. Stjórninni ber að starfa á viðskiptalegum forsendum eins og um stjórn hlutafélags sé að ræða. Slíkt fyrirkomulag getur gengið vel þegar um tímabundin þjónustuverkefni og eftirlit með einstaka svæðum er að ræða. Þó ber þess að gæta að langar tímaráðir og gagnagrunnar eru nauðsynlegir öllum þeim sem slíkt eftirlit stunda. Slík almenn gagnasöfnun má aldrei víkja fyrir hagsmunum líðandi stundar.

Samkvæmt 2. og 3. tölulið 1. mgr. 2. gr. laga um OS ber henni að standa fyrir almennum rannsóknum á auðlindum þjóðarinnar jafnframt því að safna gögnum um þær og miðla til stjórnvalda. Samkvæmt frumvarpi um OS fer orkumálastjóri alfarið með stjórn hennar og daglegan rekstur samkvæmt erindisbréfi. Hins vegar er gert ráð fyrir 5 manna stjórn auk forstjóra B-hluta stofnunarinnar, ÍO. ÍO er þó háð fjárveitingum frá OS þar sem ekki er tekið undir þá kröfu núverandi starfsmanna um að ÍO fái einnig fé beint af fjárlögum. Háskóli Íslands telur að á sama hátt og ætlunin er að sérgreina fjárveitingar til OS og Vatnamælinga samkvæmt 2. mgr. 3. gr. frumvarps um OS, ætti einnig að vera hægt að sérgreina fjárveitingar til ÍO. Háskólinn tekur því undir álit starfsmanna rannsóknasviðs Orkustofnunar hvað þetta varðar, sbr. kafla 3.2 um rekstrarform ÍO.

Háskóli Íslands telur það grundvallaratriði að grunnrannsóknabátturinn sé tryggður bæði hjá OS og ÍO. Því er það álit Háskóla Íslands að við stjórn skuli ekki einungis litið til hagsmuna hugsanlegra hluthafa og viðskiptamanna heldur séu langtímaáherslur markaðar af viðurkenndum vísindamönnum á sviði auðlinda- og náttúrufarsmála.